

í þjónustu ríkisins, og fellur þá niður greiðsla biðlauna, ef stöðunni fylgja jafnhá 92
eða hærri laun, ella greiðist launamismunurinn til loka 6 mánaða tímans. 24. des.

30. gr.

Nú hefur maður gegnt ráðherrastöðu samtals lengur en 10 ár, og á hann þá rétt til eftirlauna, þegar hann hefur náð 65 ára aldri.

Eftirlaun skulu nema 50% af meðallaunum ráðherra næstu 10 ár á undan því ári, er hlutaðeigandi öðlast eftirlaunaréttinn. Koma skal til frádráttar eftirlaunum samkvæmt þessari grein lífeyrir, sem greiddur kann að verða úr sérstökum lífeyrissjóðum, öðrum en lífeyrissjóði alþingismanna.

Nú andast maður, er eftirlaun tekur samkvæmt þessari grein, og skal þá greiða ekkju hans 60% þeirra eftirlauna, sem hann naut, þó með þeim takmörkunum, sem um getur í síðari málslið næstu mgr. hér á undan.

Ef maður, sem fullnægir skilyrði því, sem sett er í 1. mgr. þessarar greinar, andast, áður en hann hefur náð 65 ára aldri, þá á ekkja hans rétt á eftirlaunum, sem svarar 30% af meðallaunum ráðherra næstu 10 ár á undan dánarári manns hennar. Gilda skulu þó hér sömu takmarkanir og í næstu mgr. á undan.

31. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 60/1945, um laun starfsmanna ríkisins, og öll lagaákvæði, er fara í bága við lög þessi.

32. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1956.

Gjört að Bessastöðum, 24. desember 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 90/1954, um tollskrá o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á árinu 1956 skal innheimta:

- A. Vörumagnstoll samkvæmt lögum nr. 90/1954, um tollskrá o. fl., með þessum hækkunum:
 - a. Af benzíni, öðru en flugvélabenzíni, samkvæmt 27. kafla tollskrárinnar, 15. lið, með 20 aurum af kg í stað 1 eyris.
 - b. Af öllum öðrum vörum með 250% álagi, þó ekki af flugvélabenzíni og vörum þeim, sem taldar eru í 2. gr.
- B. Verðtoll samkvæmt sömu lögum með 45% álagi, þó ekki af vörum þeim, sem taldar eru í 2. gr.

93

24. des.

2. gr.

Undanþegnar tollhækkun þeirri, er getur í b-lið A og B-lið 1. gr., eru þessar vörur:

Tollskrárkafli	9 nr. 1—2,	kaffi, óbrennt, eða brennt og malað.
—	10 — 1—7,	korn, ómalað.
—	11 — 1—12,	mjöl og grjón.
—	17 — 1—6,	sykur.
—	22 — 6—38,	drykkjarvörur og ýmislegir vökvar.
—	24 — 1—9,	tóbak.
—	25 — 10,	salt.
—	27 — 1—4,	kol.
—	— — 14,	steinolía.

Enn fremur eru vörur, sem sérstakur tollur er greiddur af vegna milliríkja-samninga, undanskildar tollhækkun samkvæmt 1. gr.

3. gr.

Á árinu 1956 skal heimilt að fella niður aðflutningsgjöld af:

- Belgávöxtum, sem teljast til nr. 5—6 í 7. kafla tollskrár.
- Ómöluðu korni, sem telst til nr. 1—7 í 10. kafla tollskrár.
- Kornmjöli og grjónum, sem telst til nr. 1—12 í 11. kafla tollskrár.
- Kaffi, óbrenndu eða brenndu og möluðu, sem telst til nr. 1—2 í 9. kafla tollskrár.
- Sykri, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrár.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1956.

Gjört að Bessastöðum, 24. desember 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

94

24. des.

L Ö G

um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1956.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Til 20. janúar 1956 er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði til bráðabirgða, í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1955, öll venjuleg rekstargjöld ríkisins og önnur gjöld, er talizt geta til venjulegra fastra greiðslna þess, þótt ákveðin séu og heimiluð til eins árs í senn.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1956.

Gjört að Bessastöðum, 24. desember 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.